

## IV. KAFLI – Aga- og siðareglur og önnur viðmið

### **Markmið:**

Aga- og siðareglum SSÍ er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir alla þá sem starfa undir merkjum sundhreyfingar á Íslandi. Reglunum er ætlað að stuðla að bættri framkomu og styðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu sundiðkenda, starfsmanna SSÍ og annarra sem koma að störfum fyrir sundíþróttahreyfinguna. Reglunum er jafnframt ætlað að verða leiðbeinandi fyrir Aga- og siðanefnd SSÍ og grundvöllur fyrir sanngjörn viðurlög við brotum gegn reglunum og við brotum gegn almennum velsæmisviðmiðunum í starfi undir merkjum sundhreyfingarinnar. Félögum sem starfa undir merkjum Sundsambands Íslands er skyld að kynna stjórnarfólk og starfsfólk sínu Aga- og siðareglur SSÍ. Þeim ber að undirrita þær. Einnig skal kynna öllum iðkendum sundíþróttahreyfingarinnar Aga- og siðareglur SSÍ. Í þessum kafla fylgja einnig viðmið og hegðunarreglur íþróttahreyfingarinnar, ferðareglur ÍSÍ og SSÍ, viðmið fyrir keppendur í sundíþróttum og önnur viðmið sem sundfólk og aðstandendur sundíþrótta á Íslandi falla undir og þurfa að fylgja.

### **Gildissvið:**

Siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ gilda innan sundíþróttahreyfingarinnar. Eftirfarandi reglur skulu fyrst og fremst taka til þeirra þáttu sem ekki er tekið á í lögum og reglum ÍSÍ/SSÍ og viðurlög skulu á sama hátt eiga við þar sem um sértæk mál sundhreyfingarinnar er að ræða.

### **Hlutverk Aga- og siðanefndar:**

Hlutverk Aga- og siðanefndar SSÍ er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og getur nefndin haft frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slíkt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álitaefni sem til hennar er visað. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum.

Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ. Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sina og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.

Aga- og siðanefnd er skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru af stjórn SSÍ og skal einn þeirra vera sitjandi stjórnarmaður í SSÍ. Nefndin er skipuð til tveggja ára eftir sundþing.

Aga- og siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem visað er til nefndarinnar og getur kallað hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Nefndin getur á sama hátt kallað eftir gögnum frá hlutaðeigandi aðilum og stjórn SSÍ. Nefndinni er skyld að skila skriflegri skýrslu til stjórnar SSÍ um hvert það mál sem kemur inn á borð nefndarinnar. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu siðanefndar:

- Hvernig kom málið inn á borð Aga- og siðanefndar
- Hverjir eru málavextir
- Hvernig vann Aga- og siðarnefnd með málið
- Hver er niðurstaða Aga- og siðarnefndar
  - Nefndin rökstyður niðurstöðu sina

Skýrslu skal skila til stjórnar SSÍ. Skýrsla nefndarinnar er trúnaðarmál.

Aga- og siðanefnd getur komist að þeirri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að fjallað sé um það innan sundíþróttahreyfingarinnar og vísað því beint til viðeigandi yfirvalda, löggreglu og/eða barnaverndarnefndar eftir atvikum, í samráði við málsaðila. Nefndin skal ávallt fara í einu og öllu eftir barnaverndarlögum við úrvinnslu mála.

Aga- og siðanefnd ber að hefja þau mál sem til hennar berast innan tveggja vikna og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma.

### **Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:**

Nefndin getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til stjórnar SSÍ. Niðurstöður hennar eru leiðbeinandi fyrir stjórn SSÍ sem leitast við að fylgja niðurstöðum nefndarinnar eftir, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglum sem SSÍ hefur undirgengist.

- **Láta málið niður falla**
- **Leiða málsaðila saman til að leita sáttu þar sem það á við**
- **Veita viðkomandi skriflega viðvörum**
  - Ef viðvörum er ekki sinnt ber að veita skriflega áminningu án frekari fyrirvara
- **Veita skriflega áminningu, með það í huga að viðkomandi bæti ráð sitt**
  - Skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingnum einu sinni
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið tímabundið frá störfum/iökun í sundhreyfingunni**
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið alfarið frá störfum/iökun í sundhreyfingunni**
- **Vísa máli til viðeigandi yfirvalda**

### **Aga- og siðareglur SSÍ:**

#### **1. grein**

Í störfum stjórnar og nefnda SSÍ, við þjálfun og farastjórn og undir merkjum sundhreyfingarinnar almennt ber öllum að kappkosta heiðarleika og drengilega framkomu.

#### **2. grein**

Öllum þeim er starfa í umboði SSÍ ber að hafa jákvæðar samskiptavenjur í heiðri í hvivetna, hvort sem er í ræðu eða riti, í beinum samskiptum eða t.d. á samfélagsmiðlum.

#### **3. grein**

Sundsambandi Íslands er ljóst að mikill vandi snýst um notkun úthaldsaukandi /árangurs-tengdra margvislegra lyfja og ólöglegra efna í sambandi við þjálfun og keppni. SSÍ mun berjast gegn þeirri vá af alefli og gerir þá kröfum til allra sem undir merkjum þess starfa.

#### **4. grein**

Iðkendum/keppendum, starfsmönnum, þjálfurum og fararstjórum sem og kjörnum forsvarsmónum SSÍ er með öllu óheimilt að hvetja til eða aðstoða við neyslu fikni- og vímuefna, ólöglegra eða hættulegra efna.

#### **5. grein**

SSÍ tekur afstöðu gegn hvers konar ofbeldi, kynferðislegri misnotkun og einelti. SSÍ telur þetta vera alvarlegt vandamál sem beri að berjast gegn með öllum tiltækum ráðum. Í því skyni skulu allir þeir sem koma fram undir merkjum SSÍ taka afstöðu gegn sliku í störfum sínum.

#### **6. grein**

Þjálfurum, fararstjórum og starfsmönnum á vegum SSÍ og öðrum þeim sem starfa innan vébanda SSÍ er óheimilt að stofna til kynferðissambands af nokkru tagi við sundfolk undir þeirra lögsögu eða aðra þá sem eiga að njóta verndar SSÍ á ferðalögum, í þjálfun og keppni á vegum SSÍ og starfsnefnda sambandsins.

## 7. grein

Öllum sem starfa eða iðka íþróttir undir merkjum SSÍ ber í öllum tilvikum að tilkynna viðeigandi fagaðila ef grunur er um kynferðisbrot gagnvart börnum.

## 8. grein

Hagsmunaárekstrar geta komið upp í störfum fyrir sundhreyfinguna og við sliku ber að bregðast með formlegum hætti. Þannig ber að skipuleggja störf á vegum SSÍ með þeim hætti að ekki komi til árekstra milli faglegra sjónarmiða og fjárhagslegs ávinnings einstaklinga eða nánustu vandamanna þeirra.

## 9. grein

Öllum er heimilt að leita úrskurðar Aga- og siðanefndar SSÍ vegna mála er varða sundíþróttahreyfinguna. Nefndin skal kynna niðurstöðu sína fyrir stjórn og skrifstofu SSÍ sem ber ábyrgð á kynningu á niðurstöðu nefndarinnar fyrir aðilum. Úrskurðir Aga- og siðanefndar skulu geymdir í gagnasafni SSÍ.

## 10. grein

Aga- og siðanefnd ber að gefa aðilum máls eðlilegan frest til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og skýringum.

## 11. grein

Úrskurðum Aga - og siðanefndar er heimilt að skjóta til dómsstóla ÍSÍ.

## *SSÍ er aðili að ÍSÍ, NSF, LEN og FINA*

**Almennar reglur LEN og FINA gilda á öllum opinberum mótum á vegum SSÍ**

**Um agabrot og meðferð lyfjamála fer eftir reglum FINA, WADA og lögum ÍSÍ**

**Öruggasta vörn gegn óæskilegum efnum er að sundfólk haldi sig algerlega frá slikum efnum**

**Reglur FINA og IOC um auglýsingar gilda að jafnaði í landsliðsverkefnum SSÍ**

**Um önnur ákvæði í olympíaverkefnum gilda reglur ÍSÍ og IOC eftir því sem við á enda er það kynnt nánar í þeim tilvikum**

## *Almennar ferðareglur SSÍ*

1. Sundfólk og starfsmenn mæta tímanlega til brottfarar en þá telst upphaf verkefnis
2. Sundfólk fylgir útgefnum leiðbeiningum varðandi ferðahegðun
3. Á áfangastöðum fylgja þáttakendur fyrirmælum fararstjóra og kappkosta að gæta stundvisi og aðstoða hvern annan eftir því sem við á
4. Í verkefnum gildir bann við neyslu á tóbaki, áfengi og öðrum fikni- eða vímuefnum
5. Sundfólk breytir ekki notkun lyfja né tekur inn ný lyf, sem ekki eru á venjulegum heimildalista, án vitneskju farastjóra og þjálfara. Fararstjóri getur leitað álits læknis við þær kringumstæður sé þess nokkur kostur.
6. Fararstjóri raðar sundfólk á herbergi – herbergisnautar eru af sama kyni
7. Sundfólk raðast ekki í herbergi með trúnaðarfólk SSÍ nema sérstaklega standi á
8. Sundfólk virðir skipulagða hvildartíma á mótsstað
9. Sundfólk hefur samráð við fararstjóra þegar um er að ræða samskipti við fjöldmiðla í aðdraganda keppni og á keppnisstað
10. Sundfólk fylgir fyrirmælum fararstjóra um notkun einkennisfatnaðar í verkefnum
11. Trúnaðarfólk SSÍ sýnir gott og jákvætt fordæmi í hvívetna og virðir bann við notkun áfengis og tóbaks meðan þeir bera ábyrgð á hópi

12. Trúnaðarfólk SSÍ virðir reglur um bann við kynferðislegt samband við sundfólk i verkefni
13. Í ferðalögum, á æfingum eða í öðrum verkefnum á ábyrgð SSÍ er yfirlangur, einelti og útilokun sundfólks hvert gegn öðru ekki liðið
14. Fararstjóri skilar skýrslu til SSÍ um ferð og árangur innan viku frá ferðalokum

### **Fyrirmynadarhlutverk sundfólks og þeirra sem starfa í verkefnum SSÍ**

Sundfólk og aðrir sem taka þátt í verkefnum á vegum SSÍ

- sýnir gott fordæmi í hvívetna
- temur sér jákvæða framkomu og kurteisi í hvívetna
- fylgir fyrirmælum og kemur fram í samræmi við upplýsingar á hverjum stað
- tekur ekki þátt í neikvæðu umtali um félaga sína eða keppinauta
- kemur ekki fram opinberlega með neinum þeim hætti sem getur skaðað sundiþróttina og rýrt orðspor hennar út á við
- viðhefur algert bindindi á tóbak, áfengi og önnur fíkniefni, í verkefnum SSÍ
- fer í einu og öllu að lyfjareglum WADA/ÍSÍ
- notar ekki efni sem eru ekki leyfð á Íslandi og neytir ekki ólöglegra lyfja
- tekur þátt í forvörnum í samstarfi við SSÍ
- tekur ekki þátt í kynningarstarfi á vegum annarra en SSÍ í tengslum við landslið Íslands í sundi
- tekur ekki þátt í að auglýsa eða mæla með starfsemi sem gengur gegn markmiðum íþróttahreyfingar um heilbriglt liferni
- virðir íslensk aldursmörk þar sem það kemur fram undir merkjum Íslands

### **Reglur ÍSÍ um keppnisferðir**

1. Íþróttamenn, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómrar skulu ávallt vera til fyrirmynadar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan. Er þeim skyld að klæðast til þess ætluðum einkennisfatnaði, þegar aðalfararstjóri ákveður
2. Æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur hefur aðalfararstjóri, sem er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn ÍSÍ. Staðgengill hans er aðstoðarfjararstjóri hafi hann verið valinn
3. Flokksstjórar koma næstir aðalfararstjóra að völdum og bera ábyrgð gagnvart aðalfararstjóra. Þeir skulu hafa vakandi auga með hegðun sinna flokksmanna og aðvara þá telji þeir framkomu þeirra ábótavant skv. 1. grein. Ef um verulegt brot er að ræða er flokksstjóra heimilt að útiloka flokksmenn sína frá keppni eða sýningu
4. Aðalfararstjóra er heimilt að senda heim þáttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum
5. Þegar um verulegt brot á 1. grein þessara reglna er að ræða að álíti aðalfararstjóra getur hann kært hina brotlegu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og siðar, ef þurfa þykir, til dómsstóls ÍSÍ. Öðrum þáttakendum í ferð er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra álíti óviðeigandi framferði aðalfararstjóra, aðstoðarfjararstjóra og/eða flokksstjóra til framkvæmdastjórnar ÍSÍ
6. Aðalfararstjóri og flokksstjórar skulu, hver í sínu lagi, skila skýrslu um ferðina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu

7. Reglur þessar, sem settar eru til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum ferðalöngum sé ljóst hvert hlutverk þeirra er og ábyrgð, skulu kynntar öllum þátttakendum í keppnisferðum á vegum ÍSÍ
8. Óskert skal heimild þess aðila, sem að förinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til, samkvæmt lögum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt aðalfararstjóri hafi ekki notað sér heimildir 3., 4. og 5. greinar.

Febrúar 2018

## XIV. KAFLI – Erindisbréf nefnda

### a) Aga- og siðanefnd

#### Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iökenda og almennings, stuðla að árangri í kepnni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþrótta meðal almennings.

Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

#### Um nefndina og verkefni – Hlutverk Aga- og siðanefndar

Hlutverk Aga- og siðanefndar SSÍ er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og getur nefndin haft frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slikt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álitaefni sem til hennar er visað. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum.

Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ. Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.

Aga- og siðanefnd er skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru af stjórn SSÍ og skal einn þeirra vera sitjandi stjórnarmaður í SSÍ. Nefndin er skipuð til tveggja ára eftir sundþing.

Aga- og siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og getur kallað hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Nefndin getur á sama hátt kallað eftir gögnum frá hlutaðeigandi aðilum og stjórn SSÍ. Nefndinni er skyld að skila skriflegri skýrslu til stjórnar SSÍ um hvert það mál sem kemur inn á borð nefndarinnar. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu siðanefndar:

- Hvernig kom málið inn á borð Aga- og siðanefndar
- Hverjir eru málavextir
- Hvernig vann Aga- og siðarnefnd með málið
- Hver er niðurstaða Aga- og siðarnefndar
  - Nefndin rökstyður niðurstöðu sína

Skýrslu skal skila til stjórnar SSÍ. Skýrsla nefndarinnar er trúnaðarmál.

Aga- og siðanefnd getur komist að þeiri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að fjallað sé um það innan sundíþróttahreyfingarinnar og vísað því beint til viðeigandi yfirvalda, lögreglu og/eða barnaverndarnefndar eftir atvikum, í samráði við málsaðila. Nefndin skal ávallt fara í einu og öllu eftir barnaverndarlögum við úrvinnslu mála.

Aga- og siðanefnd ber að hefja þau mál sem til hennar berast innan tveggja vikna og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma.

## Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:

Nefndin getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til stjórnar SSÍ. Niðurstöður hennar eru leiðbeinandi fyrir stjórn SSÍ sem leitast við að fylgja niðurstöðum nefndarinnar eftir, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglum sem SSÍ hefur undirgengist.

- **Láta málið niður falla**
- **Leiða málsaðila saman til að leita sáttu þar sem það á við**
- **Veita viðkomandi skriflega viðvörum**
  - Ef viðvörum er ekki sinnt ber að veita skriflega áminningu án frekari fyrirvara
- **Veita skriflega áminningu, með það í huga að viðkomandi bæti ráð sitt**
  - Skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingnum einu sinni
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið tímabundið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni**
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið alfarið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni**
- **Vísa máli til viðeigandi yfirvalda**

## Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hverrar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni mál bókað
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarmaður fær sérstök verkefni
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formðir nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvárdanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.